



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 1. júní 2012

Ákvörðun nr. 12/2012

## **Kaup Framtakssjóðs Íslands slfh. á hlutum í N1 hf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Í upphafi er rétt að rekja stuttlega forsögu þess að Framtakssjóður Íslands slfh. (hér eftir FSÍ) keypti hluti í N1 hf. (hér eftir N1), en kaupin hafa átt sér nokkurn aðdraganda. Í júní 2011 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhugaðan samruna N1, Íslandsbanka hf. (hér eftir Íslandsbanki) og Arion banka hf. (hér eftir Arion banki). Samkvæmt því myndu Arion banki og Íslandsbanki fara með sameiginleg yfirráð yfir félaginu.

Síðar, eða þann 15. september 2011, var eftirlitinu tilkynnt að FSÍ hefði keypt 15,8% hlutafjár í N1 af Íslandsbanka og skilanevnd Glitnis banka. Í kjölfarið var gert samkomulag á milli FSÍ, Íslandsbanka og nokkurra annarra aðila um að leggja hlutabréf sín inn í sameiginlegt félag, N100 ehf. og átti það að fara með meirihluta hlutafjár í N1. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafði með stofnun N100 ehf. stofnast til nýrra yfirráða og þar með væri um nýjan samruna að ræða, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins til samrunaaðila, dags. 15. september 2011.

Með bréfi, dags. 14. október 2011, upplýstu samrunaaðilar hins vegar um að látið hefði verið af áformum um stofnun félagsins N100 ehf. Um væri að ræða breytingu á forsendum þess samruna sem leitt hefði af stofnun N100, en ekki á yfirráðum í N1. Sérstaklega var þó áréttað að það kynni að breytast, en það færi m.a. eftir efni væntanlegs hluthafasamkomulags og framkvæmd á kaupum FSÍ á hlut Arion banka.

Með samrunatilkynningu, sem barst Samkeppniseftirlitinu þ. 13. janúar 2012, tilkynnti FSÍ um kaup á öllu hlutafé Arion banka í N1, á grundvelli samþykktis kauptilboðs dags. 25. september 2011, alls 39,04%. Samkvæmt því mun FSÍ eftir kaupin því ráða yfir tæplega 55% hlutafjár í félaginu. [...]¹ Mun FSÍ því fara einn með yfirráð yfir N1 á grundvelli 55% eignarhlutar síns.

---

¹ Trúnaðarupplýsingar eru felldar út í ákvörðun þessari. Innan hornklofa [...] eru hins vegar birtar upplýsingar á ákveðnum bilum. Fjárhagsupplýsingar sem aðgengilegar eru hjá Lánstrausti (Creditinfo Ísland) eru ekki felldar út vegna trúnaðar.



Í bréfi FSÍ, sem fylgdi með samrunatilkynningunni, var einnig óskað eftir því að veitt yrði undanþága skv. 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og framkvæmd samrunans heimiluð á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann. Var umbeðin undanþága veitt með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 18. janúar 2012. Sama dag barst svo greiðsla samrunagjalds. Greiðsla slíks gjalds markar upphaf málsmeðferðar samrunamáls og byrja frestir samkvæmt samkeppnislögum þá að líða. Var samrunaaðilum tilkynnt um það með bréfi eftirlitsins, dags. 27. janúar.<sup>2</sup>

Samkvæmt 17. gr. d. samkeppnislaga skal Samkeppniseftirlitið tilkynna aðilum innan 25 virkra daga frá því að stofnuninni berst samrunatilkynning ef ástæða er talin til frekari rannsóknar samrunans. Var það gert með bréfi, dags. 21. febrúar 2012.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna og átt fundi með samrunaaðilum, keppinautum N1 og öðrum aðilum sem gætu haft hagsmuni af úrlausn málsins eða veitt eftirlitinu upplýsingar. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir athugun þessa máls er þeirra getið í ákvörðuninni.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við FSÍ og Landsbankann hafa leitt til þess að aðilarnir hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessum eru sett skilyrði sem rakin eru í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

## II.

### Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, nái beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða með öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunatilkynningu kemur fram að FSÍ hafi verið stofnaður í lok árs 2009 og sé tilgangur sjóðsins að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum. FSÍ sé samlagshlutafélag og eru eigendur hans 16 lífeyrissjóðir auk Landsbankans. Landsbankinn er stærsti eigandi sjóðsins með tæplega 28% eignarhlut en Lífeyrissjóður verslunarmanna kemur næst með tæplega 20% eignarhlut. Þriðji stærsti eigandi FSÍ er Gildi lífeyrissjóður með rúmlega 10% eignarhlut. Ábyrgðaraðili FSÍ er FSÍ GP ehf., sem er einkahlutafélag í eigu hluthafa FSÍ. Í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2011, *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.* og nr. 5/2012, *Sameiginleg yferráð Framtakssjóðs Íslands slhf. og Horns fjárfestingarfélags ehf. yfir Promens hf.* var fjallað með ítarlegum hætti um skipulag og starfsemi FSÍ. Vísast til þeirra ákvarðana um nánari umfjöllun er að sjóðnum lýtur.

---

<sup>2</sup> Sjá reglur nr. 901/2011 um breytingu á reglum nr. 684/2008, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, birtar í B-deild Stjórnartíðinda 3. október 2011.



Þá segir í samrunaskrá að N1 sé verslun með olíuvörur, hjólbarða, varahluti í bifreiðar og aðrar neytendavörur. Starfsemi félagsins sé nær eingöngu á Íslandi, en einnig sé starfsemi að hluta í Danmörku og Bretlandi. Tilgangur félagsins sé kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Mál þetta snýr eins og áður segir að kaupum FSÍ á hlutum í N1. Samkvæmt samrunaskrá felst samruninn í þremur kaupsamningum. Í fyrsta lagi á milli FSÍ og Íslandsbanka, í öðru lagi á milli FSÍ og Glitnis banka hf. og í þriðja milli FSÍ og Arion banka. Samruninn felur í sér að FSÍ eignast tæplega 55% af hlutafé N1. Í samrunaskrá segir að N1 sé nú undir yfirráðum FSÍ í stað banka og skilaneftnda. Teljist FSÍ þar með hafa yfirráð yfir N1 með þeim hætti að um sé að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Þá er ljóst að veltuskilyrði 17. gr. a. samkeppnislaga eru uppfyllt og kemur samruni þessi því til skoðunar samkvæmt samrunaákvæðum samkeppnislaga.

### III.

#### Niðurstaða

Aðdragandi samruna þessa er fjárhagsleg endurskipulagning N1. Samkvæmt samrunaskrá var N1 fyrir fjárhagslega endurskipulagningu í eigu BNT hf., en stærstu eigendur þess voru beint og óbeint Benedikt Sveinsson, Einar sveinsson og Íslandsbanki. Þá átti Olúfélagið lítinn hlut í félaginu. Vegna bankahrunsins og veikingar íslensku krónunnar varð ljóst að rekstur félagsins yrði erfiður og N1 gæti ekki staðið undir greiðslu skulda sinna. Í kjölfarið fóru því af stað viðræður um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Að henni lokinni kom FSÍ inn í hluthafahópinn og öðlaðist eins og áður segir yfirráð yfir félaginu á grundvelli þriggja kaupsamninga við Íslandsbanka, skilaneftnd Glitnis banka og Arion banka.

Við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið ítarlegra upplýsinga um hlutdeild félaga á markaði fyrir smásölu á eldsneyti, bæði frá félögum sjálfum og opinberum aðilum. Samkvæmt þeim upplýsingum og því sem fram kom á fundum eftirlitsins með aðilum vegna málsins, er ljóst að N1 hefur mjög sterka stöðu á markaðnum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki tilefni hér til að fjalla frekar um markað fyrir smásölu á eldsneyti og stöðu aðila á honum. Af því tilefni bendir Samkeppniseftirlitið hins vegar á að eftirlitið hefur einnig til meðferðar kaup Samherja hf. og FISK-Seafood ehf. á hlutum í Olúuverzlun Íslands hf.

Ljóst er að FSÍ er afar fjársterkur aðili og að með hinni fjárhagslegu endurskipulagningu stendur N1 eftir með hátt eiginfjárlutfall. Hafa keppinautar N1 lýst því yfir við Samkeppniseftirlitið að afar erfitt sé því að keppa við félagið. Samkeppniseftirlitið hefur nýlega fjallað um FSÍ í ákvörðunum nr. 1/2011, *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia hf.* og nr. 5/2012, *Sameiginleg yfirráð Framtakssjóðs Íslands slhf. og Horns fjárfestingarfélags ehf. yfir Promens hf.* Með ákvörðun nr. 1/2011 voru sett ítarleg skilyrði fyrir kaupum FSÍ á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. Lutu þau m.a. að FSÍ og stjórnnum þeirra fyrirtækja sem FSÍ á hlut í. Þá voru kaupum FSÍ og Horns



fjárfestingafélags ehf. einnig sett sjálfstæð skilyrði, sem efnislega tóku einkum mið af ákvörðun nr. 1/2011. Að mati Samkeppniseftirlitsins er einnig nauðsynlegt að setja samruna þessum sjálfstæð skilyrði og eru þau sambærileg þeim skilyrðum sem fram koma í nefndum ákvörðunum. Er því vísað til þeirra ákvarðana um nánari umfjöllun og rökstuðning vegna setningar skilyrða.

## 1. Íhlutun

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilefni sé til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga. Áður hefur komið fram að FSÍ og Landsbankinn hafi lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar, sem felur í sér þau skilyrði, sem fram koma í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum stafa, en skilyrðunum er m.a. ætlað að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði N1 og takmarka áhrif eignarhluta Landsbankans í FSÍ og áhrif eignarhalds FSÍ á N1.

Við setningu skilyrða almennt er mikilvægt að hafa í huga að fyrirtæki, sem tekin eru yfir af bönkum, eiga ekki að hætta að keppa eða fara sér hægar í samkeppni. Slíkt myndi valda almenningi og öðrum viðskiptavinum tjóni á þeim mörkuðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa. Hins vegar verður að tryggja að eignarhald banka leiði ekki til röskunar á samkeppni sökum þeirra sérstöku kringumstæðna sem nú ríkja í atvinnulífi hér á landi. Í þessu máli felast hin samkeppnislegu vandamál í eftirfarandi grundvallaratriðum:

- Eignatengslum sem kunna að myndast á milli m.a. keppnauta undir yferráðum Landsbankans og dótturfélaga hans.
- Hættu á að viðkvæmar rekstrarupplýsingar um keppnauta yfirtekinna atvinnufyrirtækja sem eru í viðskiptum við Landsbankann berist til þeirra félaga sem hluthafarnir hafa yferráð yfir, þ.m.t. til keppnauta.
- Hættu á að hlutast sé til um að fyrirtæki undir yferráðum Landsbankans eða FSÍ beini viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum Landsbankans eða FSÍ og útiloki þar með keppnauta frá mikilvægum viðskiptum.
- Hættu á að Landsbankinn mismuni í viðskiptum sínum eða fjárfestingum þannig að félög undir yferráðum Landsbankans eða FSÍ njóti betri viðskiptakjara en ætla mætti að óskyldur aðili myndi njóta.
- Hættu á að Landsbankinn mismuni viðskiptavinum sínum þannig að félög undir yferráðum bankans njóti betri viðskiptakjara án þess að málefnaleg sjónarmið búi þar að baki.
- Hættu á að viðkvæmar upplýsingar um fyrirtæki í almennum bankaviðskiptum við Landsbankann berist til keppnauta viðkomandi fyrirtækja.

Til þess að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yferráðum Landsbankans eða FSÍ og til að tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppnautar á markaði telur Samkeppniseftirlitið eðlilegt að N1 verði rekið óháð Landsbankanum og FSÍ eftir því sem kostur er. Að mati eftirlitsins er hins vegar



óþarft, með hliðsjón af samrunatilkynningu aðila, að kveða á um það sérstaklega að N1 verði rekið sem sjálfstætt félag.

Tengsl banka og atvinnufyrirtækja geta einnig haft áhrif til þess að atvinnufyrirtækin, sem tekin eru yfir, eða önnur félög sem vega þungt í útlánasafni bankanna beini viðskiptum sínum hvert til annars. Hagsmunir banka af endurheimt skulda kunna að vera best tryggðir með þessu móti til skamms tíma. Að sama skapi væri samkeppni veruleg hættu búin ef bankar kæmu á þennan hátt í veg fyrir að atvinnufyrirtæki tækju ákvarðanir sem eru viðskiptalega skynsamlegastar á hverjum tíma. Séu viðkomandi fyrirtæki öflug á sínu sviði getur þetta leitt til þess að keppinautar útilokist frá mikilvægum viðskiptum. Til langs tíma er hag yfirteknu fyrirtækjanna jafnframt best borgið með því að þau starfi með sem eðlilegustum hætti og leitist í sífellu við að gera eins hagstæða samninga og þeim er unnt. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að skilyrðin komi eins og hægt er í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma með því að takmarka aðkomu starfsmanna þeirra samrunaaðila, sem hafa með höndum útlánastarfsemi, að N1. Þá telur Samkeppniseftirlitið sömu sjónarmið eiga við um takmörkun á aðkomu stjórnarmanna N1, sem einnig eiga sæti í stjórn keppinauta eða stærstu viðskiptavina N1, sbr. það sem á eftir segir.

Þessu til viðbótar verður að líta til þess að N1 og Olíuverzlun Íslands hf. eru eigendur Olíudreifingar ehf. Landsbankinn er viðskiptabanki Olís og hefur þannig nú þegar tengsl við Olíudreifingu. Þá er Landsbankinn einnig viðskiptabanki Atlantsolíu. Vegna eignarhlutar Landsbankans í FSÍ skapast með samrunanum þannig tengsl á milli FSÍ og fyrrgreindra olíufélaga. Eins og áður hefur komið fram í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins sem varða yfirtökur banka á atvinnufyrirtækjum, og kaupum FSÍ á fyrirtækjum, sbr. m.a. ákvörðun nr. 1/2011, er íslenskur bankamarkaður verulega samþjappaður, þar sem þrjár viðskiptabankar hafa verulega markaðshlutdeild. Stærð bankanna veldur því að þeir búa yfir umtalsverðu magni trúnaðarupplýsinga. Í því tilviki sem hér um ræðir býr Landsbankinn yfir trúnaðarupplýsingum um keppinauta N1. Er skilyrðunum ætlað að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til N1. Jafnframt er lagt við því bann að viðkvæmar upplýsingar berist frá N1 til keppinauta félagsins sem eru í viðskiptum við sama banka.

Í samrunaskrá kemur fram að FSÍ eigi hlut í Icelandair Group sem er móðurfélag nokkurra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Meðal þeirra er flugfélagið Icelandair ehf. Með samrunanum myndast þannig einnig eignatengsl á milli stærsta olíufélags landsins, þ.e. N1, við stærsta flugfélag Íslands. Icelandair er stærsti einstaki kaupandi flugvélaeldsneytis, en félagið kaupir langstærstan hluta af því flugvélaeldsneyti sem selt er á landinu. Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá aðilum á olíumarkaði er N1 stærsti einstaki seljandi flugvélaeldsneytis á landinu, með um [70-75]% markaðshlutdeild. Næst kemur Skeljungur, með um [20-25]% markaðshlutdeild og þar á eftir Olís með [0-5]% af markaðnum. Telur eftirlitið því nauðsynlegt að kveða á um að þeir sem sitji í stjórn N1, fyrir tilstuðlan eignarhlutar FSÍ í félaginu, skuli ekki vera tengdir stærstu viðskiptavinum þess í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða beint eignarhald.



Samkeppniseftirlitið hefur í ákvörðunum sínum er varða kaup FSÍ á hlutum í fyrirtækjum, og áður hefur verið fjallað um, ekki sett skilyrði um söluskyldu eða sölufrest. Í ljósi fyrirætlana aðila um að skrá N1 á markað, hefur eftirlitið hins vegar mælt fyrir um með hvaða hætti skuli standa að sölu félagsins. Kemur það í hlut eftirlitsaðila FSÍ og Landsbankans að fylgjast með því ferli.

Að lokum er gert ráð fyrir því að FSÍ og Landsbankinn upplýsi opinberlega um tiltekna þætti í starfsemi FSÍ og dótturfélaga sjóðsins. Er jafnframt gert ráð fyrir virku innra eftirliti af hálfu FSÍ og Landsbankans og reglulegri upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins. Til hægðarauka er um nánari útfærslu þeirra atriða vísað til ákvörðunar nr. 1/2011, sbr. 2. gr. ákvörðunarorða hér á eftir.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Framtakssjóðs Íslands slfh. á hlutum í N1 hf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga er samrunanum sett skilyrði. Með setningu á eftirfarandi skilyrðum er ekki þörf á að ógilda samrunann.**

#### 1.

**Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum og öðrum samkeppnishindrunum**

##### 1.1

##### Almennt

**Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi FSÍ á N1 og óbeinu eignarhaldi eigenda FSÍ á atvinnufyrirtækjum á samkeppnismörkuðum.**

##### 1.2

##### Sjálfstæði stjórnar N1

**Við skipan stjórnar N1 skal stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði félagsins með eftirfarandi hætti:**

- a) Þeir, sem FSÍ skipar í stjórnir N1, skulu vera óháðir eigendum FSÍ. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá Landsbankanum eða lífeyrissjóðum, sem eiga hlut í FSÍ, eða meira en 15% eignarhlut í öðrum fyrirtækjum en FSÍ, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til liðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum eigendum FSÍ í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila uppfylla ekki þetta skilyrði.



- b) Stjórnarmenn, sem sitja í stjórn N1 fyrir tilstuðlan eignarhlutar FSÍ í N1, skulu ekki vera tengdir keppinautum N1 eða stærstu viðskiptavinum þess í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða beint eignarhald.

### 1.3

#### Sjálfstæði N1 gagnvart eigendum

Tryggja skal sjálfstæði N1 á þeim mörkuðum sem félagið starfar á. Skal það meðal annars tryggt með því að:

- a) Stjórn og starfsmönnum FSÍ er óheimilt að grípa til ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði N1 eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem N1 starfar á. Þannig er stjórn og starfsmönnum FSÍ t.d. óheimilt að beina fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna eða starfsmanna sem miða að eða geta haft skaðleg áhrif á samkeppni.
- b) Viðskipti á milli N1 og félaga, sem eru undir yferráðum FSÍ eða FSÍ á hlut í, skulu vera eins og á milli óskyldra aðila. FSÍ skal ekki beina tilmælum eða reyna að hafa áhrif á hvar félög undir yferráðum FSÍ kaupa aðföng og/eða þjónustu.

### 1.4

#### Arðsemismarkmið vegna reksturs N1 undir yferráðum FSÍ

Rekstur N1 undir yferráðum FSÍ skal byggður á viðskiptalegum forsendum. Það skal tryggt með þeim hætti að FSÍ setji sér eigendastefnu gagnvart N1 sem felí m.a. í sér eftirfarandi:

- a) FSÍ skal reikna eðlilega arðsemiskröfu til N1 og koma henni á framfæri við stjórn félagsins. Eðlileg arðsemiskrafa þarf að vera í samræmi við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í hlutafé viðkomandi fyrirtækis og skal í því sambandi byggja á fjármálafræðilegum viðmiðum.
- b) Landsbankinn, FSÍ og tengd félög skulu gera formlega samninga um allar lánveitingar til N1 vegna starfsemi félagsins, þ.m.t. til kaupa á vörubirgðum og fastafjármunum. Öll kjör og önnur fyrirgreiðsla, sem snýr að fjármögnun Landsbankans, FSÍ og tengdra félaga til N1 sem veitt er eftir dagsetningu sáttar þessarar, skal vera líkt og um óskylda aðila sé að ræða.

### 1.5

#### Óheimilt er að hlutast til um viðskipti milli N1 og tengdra fyrirtækja

Ef um er að ræða viðskipti á milli annars vegar N1 og hins vegar keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina N1 sem eru að fullu eða hluta til í eigu FSÍ eða Landsbankans (hér eftir nefnd tengd fyrirtæki) skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Þá skal



viðskiptastefna N1 vera algerlega óháð tengdum fyrirtækjum í eigu FSÍ og bankans.

Hvorki FSÍ né Landsbankinn skulu hlutast til um viðskipti á milli N1 og tengdra félaga. Er Landsbankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við N1.

Landsbankinn skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi framangreindra fyrirtækja á milli þeirra.

#### 1.6

**Landsbankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli N1 og viðskiptavina bankans**

Landsbankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli annars vegar N1 og dótturfélaga þess og hins vegar viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til N1 eða að N1 beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

#### 1.7

**Landsbankinn skal gæta trúnaðar milli N1 og viðskiptavina bankans**  
Landsbankinn skal með nauðsynlegum aðgerðum tryggja að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir hverju sinni um keppinauta eða viðskiptavini N1 og dótturfélaga þess berist ekki til N1 eða dótturfélaganna.

Með sama hætti skal Landsbankinn með nauðsynlegum aðgerðum tryggja að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir hverju sinni um N1 og dótturfélög þess berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina þeirra fyrirtækja.

#### 1.8

**Skuldbinding stjórnarmanna og starfsmanna**

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri FSÍ, auk bankastjóra Landsbankans, skulu undirrita yfirlýsingu þar sem því er lýst yfir að viðkomandi hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti.

#### 1.9

**Sölumáti**

Leitast skal við að selja N1 í fyrirfram skilgreindu og gagnsæju ferli, t.d. í opnu söluferli eða með skráningu í kauphöll, að undangengnu útboði í samræmi við ákvæði laga um verðbréfi viðskipti. Verði vikið frá þessu skal upplýsa Samkeppniseftirlitið þar um og um ástæður þess.

Eftirlitsaðili FSÍ og bankans, sbr. 2. gr., skal fylgjast með söluferli N1 og skráningu félagsins á markað.





## 2.

### Upplýsingagjöf og eftirlit

Sé ekki kveðið á um annað skal eftirliti og upplýsingagjöf vegna sáttar þessarar hagað með sama hætti og kveðið er á um í 3. og 4. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2011, *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.*

Þá skal upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 1. júlí nk. um hvernig framangreint verður tryggt og með hvaða hætti eftirlitsaðilar Landsbankans og FSÍ muni tryggja að þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 3. og 4. gr. ákvörðunarorða ákvörðunar nr. 1/2011, berist Samkeppniseftirlitinu.

## 3.

### Brottfall skilyrðanna

Nú missir FSÍ yfirráð yfir N1 og skulu skilyrði þessi þá falla brott. Skal FSÍ gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir slíkum breytingum með skriflegri tilkynningu. Skal FSÍ og Landsbankanum jafnframt heimilt á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi vegna breyttra forsendna sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga að hluta eða í heild.

## 4.

### Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson